

Athugasemdir við breytingu á skipulagi

Dalvegur 32

Hæð bygginga

Hæð þessarar byggingar er óheyrileg, 19-21 metri sem samsvarar hæð á átta hæða blokk í Engihjallanum og í engu samræmi við fyrri áform fyrir lóðina. Fyrsta hæðin byrjar að telja í hæðarpunkti sem nemur við þakið á Dalvegi 32b.

Útlit og hönnun húsa.

Eins og fram kom á íbúðafundi þá verði ytra byrði húsanna úr efnum sem hindra endurkast á hljóði upp í byggðina. Gerð verði krafa til verktaka að hönnun húsanna verði í samræmi og stíl við það sem fyrir er í nágreninu og að framkvæmdin verði okkur öllum til sóma.

Hljóðgöng

Íbúar hafa fundið að hávaði hefur aukist í hverfinu. Krefjast skal mótvægisáðgerða í byggingaleyfi til að hindra hljóðtrekt milli húsa a-b og b-c.

Hljóðvist þarf að batna en ekki versna. Það er ekki bara nægilegt að nota líkanareikning þegar reynslan sýnir aukinn hávaða.

Bílastæði á lóð

Fjöldi bílastæða er að öllu leyti ófullnægjandi miðað við þróun á Dalvegi 30 þar sem öll stæði eru nú yfirfull og húsið ekki komið í fulla notkun.

Ljósmengun

Það þarf að hafa í deiliskipulagi að óheimilt er að hafa upplýsanleg skilti sem snúa að íbúðarhverfinu og slökkt sé á lýsingu í öllum húsunum eftir 22:00 á kvöldin.

Á framkvæmdartíma þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrifum á Dalvegi.